

Afgreiðslufundur

Árið 2026, fimmtudaginn 25. júní kl. 09:00 var haldinn 1916. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Ástrún Eva Sívertsen, Sigríður J. Jónsdóttir og Guðjón Ingi Eggertsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Ísfabrikunnar ehf., kt. 611025-1140, dags. 22. maí 2026, um starfsleyfi fyrir söluturn með skafis og kaffi (Ísabella) að Laugavegi 6, F2004551, rými 04 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
2. Lögð fram umsókn KaffiHauss ehf., kt. 471122-0330, dags. 6. mars 2026, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús með einfalda rétti og bakkelsi (Kaffi H) í Hafnarhúsinu að Tryggvagötu 17, F2265009, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðis-nefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
3. Lögð fram umsókn KaffiHauss ehf., kt. 471122-0330, dags. 4. mars 2026, um skráningu á veitingastað (Kaffi H) í Hafnarhúsinu að Tryggvagötu 17, F2265009, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi*.
4. Lögð fram umsókn Smíðaferils ehf., kt. 421215-0140, dags. 11. júní 2026, um skráningu á niðurrifi á þakplötum úr asbesti við Breiðdagerði 37, F2034515, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrif mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
5. Lögð fram umsókn Algjörlega ehf., kt. 550121-2390, dags. 21. apríl 2026, um skráningu á hársnyrtistofu (HárTékk) að Baldursgötu 36, F2006079, rými 01 0101. Flutningur í nýtt húsnæði.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi og Starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem viðhafa skal sérstakt hreinlæti og smitgát*.
6. Lögð fram umsókn MT Íslands ehf., kt. 471119-0160, dags. 19. júní 2026, um skráningu á niðurrifi á loftplötu úr asbesti inn á baðherbergi við Skipasund 21, F2018211, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrif mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

7. Lögð fram umsókn Hjálparsveitar skáta í Reykjavík, kt. 521270-0209, dags. 26. maí 2026, um skráningu fyrir flugeldasýningu 22. ágúst 2026 klukkan 22:00-23:20 (Flugeldasýning á Menningarnótt Reykjavíkur 2026) á bryggjuenda á Faxagarði, hnit 64.1515, -21.9363. Ný starfsemi.
- Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir flugeldasýningar*.
8. Lögð fram umsókn Bjargeyjar virkniúrræðis ehf., kt. 530126-0130, dags. 22. maí 2026, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir félagsaðstöðu fullorðinna (Bjargey virkniúrræði) að Fosshálsi 25, F2044170, rými 01 0107. Ný starfsemi.
- Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
9. Lögð fram umsókn Skógræktarfélags Reykjavíkur, kt. 600269-4539, dags. 17. nóvember 2023, um starfsleyfi fyrir rekstur og viðhalds stíga og áningastaða, grisjunar og úrvinnslu á grisjunarvið og bifreiða og vélaverkstæðis Skógræktarfélagsins að Þingnesvegi 5 við Elliðavatn í Heiðmörk, F2217759, rými 01 0101. Leyfið nær ekki til nýframkvæmda t.d. gerð nýrra stíga. Ný starfsemi.
- Samþykkt að veita starfsleyfi til 1 árs með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, Samræmdum starfsskilyrðum fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur og Sértekum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Skógræktarfélag Reykjavíkur, kt. 600269-4539 fyrir starfsemi félagsins í Heiðmörk*.
10. Lögð fram umsókn Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029, dags. 27. maí 2026, um starfsleyfi fyrir niðurrifi á húsum og geymsluskúrum á Elliðavatnsblettum 6, 10, 12, 18, 19, 21, 26 og 35. Tímabundið starfsleyfi frá útgáfudegi til 31.12.2027.
- Samþykkt að veita starfsleyfi til með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja og Sértekum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029 vegna niðurrifs á húsum á lóðum Elliðavatnsbletta*.

Fundi slitið kl. 09:30

Guðjón Ingi Eggertsson

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Ástrún Eva Sívertsen